

# Sagnþraut 4

Þú átt í suður ...

## Suður

♠ 3

♥ Á10972

♦ 72

♣ ÁKD94

Austur gefur. NS á hættu. Sveitakeppni.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦ *	Pass	3 ♣
Pass	4 ♠	Pass	???

\* GK - fjórði litur

## Hver er sögnin?

-----

**gildir til 6. júlí 2007**

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: [gpa@simnet.is](mailto:gpa@simnet.is)

# Sagnþraut 3 - svör

## Allt spilið ...

N/AV	NORÐUR		
	♠ D62		
	♥ 1062		
	♦ DG743		
	♣ G10		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G10954		♠ ÁK873	
♥ G943		♥ ÁD	
♦ K		♦ 9852	
♣ Á63		♣ 92	
	SUÐUR		
	♠ --		
	♥ K875		
	♦ Á106		
	♣ KD8754		

Spilið er frá **NL í Lillehammer**.

Á 10 borðum af 12 voru spilaðir 4♠ í AV, slétt unnir (620). Eitt AV-par spilaði bót í spaða, en sérstaðan var mest hjá Dönunum Bilde & Hansen:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Aa	Hansen	Furunes	Bilde
-	Pass	1 ♠	Dobl
4 ♠	Pass	Pass	5 ♣
Dobl	Allir pass		

Útspilið var ♠G. Bilde trompaði og spilaði laufi. Aa dúkkaði og blindur átti slaginn. Nú hefðu margir notað innkomuna til að svína í tígli, en Bilde taldi ósennilegt að austur ætti ♦Kx og hélt áfram með laufið. Það reyndist góð ákvörðun því tígulkóngurinn kom síðar siglandi undir ásinn: 11 slagir og 550 í NS.

Þeir fiska sem róa.

## Á spjallinu var spurt um tvennt:

- (1) Hver er sögnin við 4♠?
- (2) Ertu sammála/ósammála doblinu á 1♠?

### Snorri Karlsson:

- (1) **Pass.** 5♣ væri algjör sólómelding, sem gæti verið byggð á 7-lit og sterkri hendi. Dobl er hættulegt, því makker passar með jafnskipta hönd og 3-4 lit í laufi.
- (2) **Ósammála.** Ég er ósammála dobli og vil melda 2♣ við 1♠, en dobla síðan 4♠. Þá getur makker sagt 5♣ með fitt eða rauðan lit með fimmlit þar.

### Sigurbjörn Haraldsson:

- (1) **Pass.** Allar sagnir væru misvísandi eftir doblið í upphafi.
- (2) **Ósammála.** Gæti ekki verið meira ósammála doblinu á 1♠ ... 2♣ inná finnst mér vera alveg *auto* sögn.

### Sigurður Vilhjálmsson:

- (1) **Pass.** Nánast þvingað eftir doblið á 1♠.
- (2) **Ósammála.** Betra að koma sexlitnum strax að og vonast eftir öðru tækifæri.

### Guðni Einarsson.

- (1) **Dobla.** 5♣ myndu sýna sterkari spil eftir dobið á 1♠ og makker mun jafnvel hækka í slemmu á lítið. Hef ekki áhyggjur af því að spila vörn á móti jafnskiptri hendi makkers, þar sem mér finnst spilin ekkert sæm til varnar með háspilin á eftir opnarunum, auk þess sem það er alls ekki svo dýrt þótt 4♠ standi slétt.
- (2) **Ósammála.** Finnst betra að koma laufinu strax að, alltof mikil hætta á að þurfa að spila á lélega 4-3 samlegu í rauðum lit þegar við eigum kannski gott fitt í laufi.

## Sagnþraut 3 - svör, frh ...

### Sveinn Rúnar Eiríksson:

(1) **Pass.** Dobra ekki 4♠ ef ég byrja á dobli, en ...

(2) **Ósammála.** Vil segja 2♣ strax og fylgja því eftir með dobli á 4♠.

### Stefán Jónsson:

(1) **Pass.** Fyrst ég kaus að úttektardobra í upphafi.

(2) **Ósammála.** Hefði alls ekki doblað 1♠, heldur meldað 2♣.

### Guðm. Páll Arnarson:

(1) **Fimm lauf.** Vissulega nokkur tækifærismennska, en hættur og spaðaeýðan tæla. Makker fer varla að taka þetta sem yfirsterka hönd í þessu samhengi, því eitthvað eiga AV fyrir sínu. Hann veit að þetta er fórnarsögn; reiknar með þessari skiptingu og getur valið besta litinn ágiskunarlaust. - Af hverju veit makker hver skiptingin er? Vegna þess að ég myndi ekki segja 5♣ nema eiga sexlit og ekki dobla 1♠ nema eiga fitt við rauðu litina - sennilega 4♥ og 3♦.

(2) **Sammála.** Getum spilað alla liti - líka tígul. Sú hugmynd (Snorra, Svenna o. .) að melda fyrst 2♣ og dobla svo 4♠ á eftir er góðra gjalda verð. Þannig myndi ég melda með minni skiptingu og meiri vörn - til dæmis 1-3-3-6 og höggspil til varnar. En hér er það EYÐAN og varnarleysi handarinnar sem gerir fórnina freistandi.

(Vel á minnst, hvað myndi makker gera með umrædd spil ...

♠ D62 ♥ 1062 ♦ DG743 ♣ G10

... eftir 2♣ fyrst og svo dobl á 4♠?

Það er ekki auðvelt fyrir hann að taka út, svo mikið er víst.)

### Íslensku svörin á Spjallinu:

Pass	9
5 ♣	4
Dobl	1

Sammála doblinu	7
Ósammála doblinu	7

### Þetta spil minnti mig á dæmi frá síðasta Evópumóti, sem ég notaði í sagnspeki síðasta Bridgeblaðs:

S/AV	NORÐUR	AUSTUR
	♠ 9754	♠ Á3
	♥ 95	♥ ÁKG76
	♦ D62	♦ 543
	♣ Á1085	♣ 743
VESTUR		SUÐUR
♠ KDG10862		♠ --
♥ 42		♥ D1083
♦ K10		♦ ÁG987
♣ D9		♣ KG62

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ramondt	Waldow	Westra	Elinescu
-	-	-	1 ♦
3 ♠	Pass	4 ♠	4 G !!
Dobl	5 ♣	Dobl	Allir pass

Einn niður, -100 í staðinn fyrir -620.

Það er eitthvað við **EYÐUNA** sem kallar á sókn!

# Á OPNU BORÐI

Þú ert í suður ...

NORÐUR

♠ ÁK543

♥ ÁD2

♦ K63

♣ Á2

Vestur

♠ G10976

♥ -

♦ D9842

♣ G97

Austur

♠ D2

♥ 853

♦ 1075

♣ KD865

SUÐUR

♠ 8

♥ KG109764

♦ ÁG

♣ 1043

... og spilar 7♥

Er til vinningsleið?

# Lausn á úrspilsbraut

Er hægt að vinna 7♥?

<p>NORÐUR</p> <p>♠ ÁK543</p> <p>♥ ÁD2</p> <p>♦ K63</p> <p>♣ Á2</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ D2</p> <p>♥ 853</p> <p>♦ 1075</p> <p>♣ KD865</p>
<p>VESTUR</p> <p>♠ G10976</p> <p>♥ -</p> <p>♦ D9842</p> <p>♣ G97</p>	<p>SUÐUR</p> <p>♠ 8</p> <p>♥ KG109764</p> <p>♦ ÁG</p> <p>♣ 1043</p>	

<p>NORÐUR</p> <p>♠ 5</p> <p>♥ -</p> <p>♦ K63</p> <p>♣ Á2</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ -</p> <p>♦ 1075</p> <p>♣ KD8</p>
<p>VESTUR</p> <p>♠ 10</p> <p>♥ -</p> <p>♦ D98</p> <p>♣ G9</p>	<p>SUÐUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ 109</p> <p>♦ ÁG</p> <p>♣ 104</p>	

Hverju á vestur að henda í ♥10?

Terence Reese skrifaði um spilið í **The Bridge World** árið 1940.

“Spilið kom upp í sveitakeppni og á öðru borðinu stoppuðu NS máttleysislega í 4♥ og unnu mjög óverðskuldaða svei u, því hinum megin sögðu NS 7♥ og sagnhafi fór einn niður,” skrifar Reese. Sá sagnhafi spilaði eðlilega: kannaði fyrst spaðaleguna og svínaði svo ♦G þegar ljóst var að ekki var hægt að fría spaðaslag.

Eftir leikinn veltu menn því fyrir sér hvort hægt væri að vinna 7♥ á opnu borði “Vonlaust,” var niðurstaðan, en spilið hélt vöku fyrir Reese og hann fann ekta vinningsleið, sem byggist á þá óþekktri þvingun - *clash squeeze*.

Spilið er ókið og það þarf að fara yfir stöðuna lið fyrir lið. Til að byrja með tekur sagnhafi ♠ÁK í spaða og trompar spaða. Rúllar svo niður trompunum ...

Prófum fyrst lauf: Sagnhafi hendir líka laufi úr borði, spilar laufi á ás, fer heim á ♦Á og byggir upp tvöfalda þvingun ...

<p>NORÐUR</p> <p>♠ 5</p> <p>♥ -</p> <p>♦ K6</p> <p>♣ -</p>		<p>AUSTUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ -</p> <p>♦ 107</p> <p>♣ K</p>
<p>VESTUR</p> <p>♠ 10</p> <p>♥ -</p> <p>♦ D9</p> <p>♣ -</p>	<p>SUÐUR</p> <p>♠ -</p> <p>♥ 9</p> <p>♦ G</p> <p>♣ 10</p>	

♥9 laðar fram sígilda tvöfalda þvingun: vestur þarf að halda í spaða, austur í lauf, svo hvorugur ræður við tígulinn.

## Lausn á úrspilsbraut - frh

OK - ef við lítum aftur á stöðuna þegar vestur átti að henda í ♥10 ...

	NORÐUR	
	♠ 5	
	♥ -	
	♦ K63	
	♣ Á2	
VESTUR		AUSTUR
♠ 10		♠ -
♥ -		♥ -
♦ D98		♦ 1075
♣ G9		♣ KD8
	SUÐUR	
	♠ -	
	♥ 109	
	♦ ÁG	
	♣ 104	

... er ljóst að hann verður að henda tígli.

Sagnhafi hendir laufi úr borði og austur einnig. Staðan er þá þessi:

	NORÐUR	
	♠ 5	
	♥ -	
	♦ K63	
	♣ Á	
VESTUR-?		AUSTUR
♠ 10		♠ -
♥ -		♥ -
♦ D9		♦ 1075
♣ G9		♣ KD
	SUÐUR	
	♠ -	
	♥ 9	
	♦ ÁG	
	♣ 104	

Suður spilar síðasta hjartanu og vestur er enn í sviðsljósinu:

Ef vestur hendir tígli, fellur drottningin í ásinn, sagnhafi tekur gosann og fer inn í borð á ♣Á til að taka á ♦K.

Vestur hendir því laufi. Spaðafimman hefur þá gegnt hlutverki sínu og hún fer úr borði.

En hvað á austur að gera?

	NORÐUR	
	♠ 5	
	♥ -	
	♦ K63	
	♣ Á	
VESTUR		AUSTUR-?
♠ 10		♠ -
♥ -		♥ -
♦ D9		♦ 1075
♣ G9		♣ KD
	SUÐUR	
	♠ -	
	♥ 9	
	♦ ÁG	
	♣ 104	

Hendi austur laufi, falla laufin í ásinn og ♦Á heima sér fyrir samgangi til að taka á ♣10. Og hendi austur tígli, verður tígulhundur í borði úrslitaslagurinn.

Heimild: TBW, mars 2007

# Teiknaðu hendur AV

Suður spilar 6♠ ...

NORÐUR

♠ -  
♥ ÁK65432  
♦ ÁK5432  
♣ -

Vestur

♠  
♥  
♦  
♣

Austur

♠  
♥  
♦  
♣

SUÐUR

♠ ÁKDG10987652  
♥ -  
♦ -  
♣ 42

Forsendur:

- Austur er með tígulsexuna.
- Aðeins eitt útspil hnekkir slemmuni.
- Með öllum öðrum útspilum fást nákvæmlega 12 slagir.

Hvernig líta hendur AV út - **NÁKVÆMLEGA**, spil fyrir spil.

## Teiknaðu hendur AV - svar

**Þessa þraut (og ýmsar svipaðar) er að finna í mótsblöðum opna Evrópumótsins í Tyrklandi (15. - 30. júní 2007).**

NORÐUR	
♠	-
♥	ÁK65432
♦	ÁK5432
♣	-
SUÐUR	
♠	ÁKDG10987652
♥	-
♦	-
♣	42

Suður spilar 6♠.

**Munum skilyrðin:** Aðeins eitt útspil drepur slemmuna, annars fær sagnhafi nákvæmlega 12 slagi og austur á ♦6.

**Greining:** Strax í byrjun er ljóst fyrir að vestur á eitt eða ekkert lauf - annars myndu eiri en eitt útspil vera banvæn.

Annað sem liggur fyrir er að vestur getur mest átt 6-6 í rauðu litunum - það eru sex hjörtu úti og austur verður að eiga einn tígul af sjö úti.

Ef austur á 1-5-6-1 og blankan laufás, þá hnekkir laufás slemmuni (og tromp í öðrum slag), en gallinn er sá að rautt spil út gefur 13 slagi.

**Lausn:** Eina skiptingin sem uppfyllir öll skilyrðin þrjú er þessi:

NORÐUR			
♠	-		
♥	ÁK65432		
♦	ÁK5432		
♣	-		
VESTUR	AUSTUR		
♠	3	♠	4
♥	DG10987	♥	-
♦	DG10987	♦	6
♣	-	♣	ÁKDG...
SUÐUR			
♠	ÁKDG10987652		
♥	-		
♦	-		
♣	42		

### 1. Spaðapristurinn út.

Hið eina banvæna útspil, því sagnhafi mun á endanum gefa tvo slagi á lauf.

### 2. Hjarta út.

Þá mun austur trompa ásinn, sagnhafi yfirtrompar og spilar *spáðatvisti* - sendir vestur inn á þristinn: 12 slagir.

### 3. Tígull út.

Sagnhafi hendir niður laufi, en aðeins einu því austur trompar næst: 12 slagir.

Það dugir ekki að vestur eigi *spáðafjarkann* í staðinn fyrir þristinn, því þá gæti sagnhafi **DÚKKAÐ** !